

## LÖG

### um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (umsáturseinelti).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 232. gr. laganna kemur ný grein, 232. gr. a, svohljóðandi:

Hver sem endurtekið hótar, eltir, fylgist með, setur sig í samband við eða með öðrum sambærilegum hætti situr um annan mann og háttsemin er til þess fallin að valda hræðslu eða kvíða skal sæta sektum eða fangelsi allt að 4 árum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 10. febrúar 2021.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**

(L. S.)

*Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.*